



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1725  
komudagur 29.4.2005

Fjármála- og stjórnsýslusvið

Selfossi, 28. apríl 2005  
0504074 HH

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgögnuáætlun.**

Á fundi bæjarráðs Árborgar 28. apríl 2005 var tekið fyrir erindi frá samgöngunefnd Alþingis – óskað umsagnar um tillögu til þingsályktunar um samgögnuáætlun fyrir árin 2005 - 2008. Eftirfarandi samþykkt:

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgögnuáætlun fyrir árin 2005 – 2008, 721. mál.**

Bæjarráð fagnar vegaframkvæmdum í Svínahrauni sem mun verða mikil samgöngubót. Að þeirri vegagerð lokinni verður þrjú breiður vegur frá Litlu-kaffistofunni um Hellisheiði og niður Kamba að undanskildum 3 km kafla á háheiðinni. Bæjarráð lítur á það sem forgangsmál að þessi kaflar komist inn á samgögnuáætlun sem hér er til umsagnar.


Ljóst er að Suðurlandsvegur frá Rauðavatni austur á Selfoss annar engan veginn umferð á álagstímum. Þessi hluti hringvegarins er einn sá fjölfarnasti og jafnhliða sá hættulegasti á köflum. Frá því vegurinn var lagður bundnu slitlagi fyrir um 30 árum hafa nær engar umbætur verið gerðar á honum umfram venjulegt viðhald. Bæjarráð leggur áherslu á að það er brýnt hagsmunamál fyrir vegfarendur, og raunar þjóðina alla, að uppbygging vegarins miðist við fjögurra akreina veg og að undinn verði bráður bugur að því að svo verði.

Aukin umferð frá Reykjavík um Suðurlandsveg fer að mestu leyti um Ölfusárbrú við Selfoss. Svo er komið að langtímum saman annar brúin ekki þessum aukna umferðarþunga. Bæjarráð leggur því þunga áherslu á að ný brú yfir Ölfusá verði sett á samgögnuáætlun.

Uppbygging Suðurstrandarvegur var hluti af lofordum vegna stækkunar kjördæma fyrir síðustu Alþingiskosningar. Forsendur þeirra loforða hafa ekki breyst auk þess sem Suðurstrandarvegur er mikilvægur fyrir samgöngur og atvinnuuppbyggingu í strandbyggðunum. Bæjarráð leggur áherslu á að samhliða fyrrnefndum bótum á Suðurlandsvegi verði staðið við áform um Suðurstrandarveg.

Framangreind afgreiðsla tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

  
Bæjarritariinn  
Árborg

Helgi Helgason  
bæjarritari.